

Fundur í fjallskilanevnd í Végarði 5.11.2018 kl 20:00

Mættir voru allir nefndarmenn fjallskilanevndar, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson, Jóhann F. Þórhallsson og Hallgrímur Þórhallsson.

Dagskrá:

1. Skýrslur gangnastjóra.

Fjórir gangnastjórar hafa skilað skýslum um göngur haustsins, þeir Eiríkur, Gunnar, Hjörleifur, og Hallgrímur. Ekki hefur borist skýrsla frá Hirti en það er von á henni á næstu dögum.

Göngum var flítt vegna slæmrar veður spár.

Það er vitað um sjö kindur í Kiðafelli og tvö lömb í smugunni innan við Ytri-sniðgilsá, sex kindur í Hamarselsmúls. Sennilega er á annantug fjár í Suðurmúla.

Vegna veðurs og óhappa í göngum í Rana náðist ekki að smala fénu út í Stulafoss 17 sept. fyrr en undir mirkur og þar af leiðandi var ekki hægt að rétta féð um kvöldið. Safnið var réttað að morgni 18 sept. því var lokið um hádegi. Það var of seint til að hægt væri að reka safnið yfir í Fljótsdal þann dag í björtu. Veðurspá var slæm fyrir dagana 19 og 20 sept. Veðurstofan gaf út viðvörðun vegna veðurútlits fyrir báða dagana. Af þeim sökum var ekki forsvaranlegt að reka yfir Fljótsdalsheiði, því var gripið til þess ráðs að keyra fénu yfir í Fljótsdal. Um var að ræða 540 fjár og farnar voru 8 ferðir.

Fjallskilanevnd óskar eftir því að sveitarsjóður greiði þann kostnað sem hlaut af vegna fjárflutninga frá Stuðlafossi og yfir í Fljótsdal 19 og 20 sept.

2. Tímasetning gangna haustið 2019. Fjallskilanevnd er samála um að breyta fyrri ákvörðun um dagsetningu á Melarétt 2019 í stað 21.sept. verður Melarétt 14 sept.
3. Önnurmál. Fjallskilanevnd óskar eftir að það verði gerðar fjórhjólalóðir frá Miðseli inn að Ófærusel og einnig að norðan verðu í Kiðafelli frá Fellshúsum og innfyrir Klif eða svo langt inn sem þarf. Fundi slitið kl 22:55 Fundargerð ritaði; Jóhann F. Þórhallsson

Gunnar Jónsson

Hallgrímur Þórhallsson

Hjörleifur Kjartansson

Eyjólfur Yngvason

Jóhann F. Þórhallsson

